

Umsögn

1. minni hluta umhverfisnefndar um 130. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni allsherjarnefndar fjallað um þann hluta frumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar. Nefndin tók til umfjöllunar 5. – 7. þátt frumvarpsins en þar koma fram lagabreytingar vegna flutnings landgræðslu og skógræktar til umhverfisráðuneytis, breytingar vegna flutnings matvælamála til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, breytingar varðandi valdmörk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og loks breytingar vegna flutnings vatnamælinga til Veðurstofu Íslands. Umsagnir sem borist hafa allsherjarnefnd vegna málsins hafa legið fyrir við umfjöllun umhverfisnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að við myndun núverandi ríkisstjórnar hafi verið ákveðið að fara heildstætt yfir verkaskiptingu milli ráðuneyta með það fyrir augum að hagræða, einfalda stjórnarsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn. Enn fremur að lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, hafi verið breytt í því skyni á 134. löggjafarþingi. 1. minni hluti telur þessar skýringar ekki réttar. Þegar rýnt er í þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu kemur í ljós hversu handahófskenndar þær eru og eftir að hafa lesið ábendingar umsagnaraðila liggur í augum uppi að hér er um tilviljanakennda uppstokkun verkefna að ræða en ekki ígrundaða breytingu sem byggir á stefnumörkun. Fullyrt er í athugasemdum með frumvarpinu að við undirbúning málsins hafi verið haft viðtækt samráð við þær stofnanir sem í hlut eiga, en við umfjöllun í nefndinni kom á daginn að samráðið hafði verið lítið sem ekkert.

Verulega skortir á að markmiðin með breytingunum séu rökstudd eða skilgreind og hreinasta fásinna að ætla að þær kosti ekki nokkurn skapaðan hlut. Engin heildstæð sýn liggur til grundvallar og langt í frá að fagleg sjónarmið hafi ráðið för. Allar fullyrðingar um einfaldari stjórnarsýslu og aukna skilvirkni eru marklausar, enda fylgir frumvarpinu ekki neitt stjórnarsýslumat, sem hefði verið full þörf á og vel við hæfi nú þegar stjórnvöldum hafa borist alvarlegar ábendingar frá umboðsmanni Alþingis um að slíkt mat þurfi að liggja fyrir til grundvallar breytingum á lögum er varða stjórnarsýslu.

Fjöldi umsagnaraðila gerir alvarlegar athugasemdir við einstaka þætti er varða málefnasvið umhverfisnefndar. Þannig má nefna að í umsögnum frá flestum aðilum er starfa að skógrækt á Íslandi er lýst harðri andstöðu við tilfærslu málaflokksins. Ljóst er að allan undirbúning varðandi hugsanlegar breytingar skortir og verður að teljast varasamt að ætla að skipta málaflokksnum upp og flytja hluta hans milli ráðuneyta við þessar aðstæður. Valdbeiting við slíkar tilfæringar kann ekki góðri lukku að stýra.

Jákvæðar umsagnir eru frá nokkrum aðilum varðandi sameiningu matvælamála undir einn hatt. Má þar nefna umsögn Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar en um leið eru alvarlegar ábendingar um ýmsa þætti í frumvarpinu sem breyta þarf ef ekki á illa að fara. Báðar nefna stofnanirnar málefni starfsfólks sem sérstaklega vandmeðfarin. Sama má segja um Fiskistofu og starfsfólk hennar. Veiðimálastofnun og Dýralæknafélag Íslands gera líka alvarlegar athugasemdir. Allir ljúka þó upp einum rómi um vonlausa nafngift sem frumvarpið gerir ráð fyrir á hina nýju stofnun.

Það er mat 1. minni hluta nefndarinnar að þörf sé grundvallarbreytinga varðandi skilgreiningu Stjórnarráðs Íslands og skiptingu verkefna milli einstakra ráðuneyta. Þar ætti umhverfisráðuneytið að gegna lykilhlutverki með ríkari ábyrgð en nú er og auknar fjárveitingar. Slíkar breytingar verða þó aldrei gerðar af neinu viti nema þær grundvallist á framsýnni stefnumörkun sem nauðsynlegt er að endurspegli gjörbreytta stöðu umhverfismála og sýn til framtíðar. Í því sambandi telur 1. minni hluti að öflugt auðlinda- og umhverfisráðuneyti sé

fýsilegur kostur, því ef innleiða á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í umsýslu og nýtingu auðlindanna, þá verður slíkt best gert undir hatti umhverfisráðuneytis. Slíka nálgun skortir gersamlega í þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram og lýst er í frumvarpinu.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Kolbrún Halldórsdóttir.